

Föstudaginn 3. desember 1943.

Nr. 94/1943. **Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt,**
eigendur hárgreiðslustofunnar Hollywood
 (Einar Ásmundsson)

gegn

Jónínu Eggertsdóttur og gagnsök
 (Sigurður Ólason).

Setudómari dr. juris Einar Arnórsson
 í stað hrd. Þórðar Eyjólfssonar.

Bætur vegna meiðsla við hárlíðun.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn Þórðarson lögmaður.

Aðaláfrýjendur hafa, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. okt. 1943, skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu, útgefni 3. nóv. s. á., og krafizt sýknu og málskostnaðar fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Gagnáfrýjandi hefur hins vegar, einnig að fengnu áfrýjunarleyfi 5. nóv. 1943, skotið málinu til hæstaréttar með stefnu, útgefni 8. s. m., og hefur hún gert sömu kröfur og í héraði auk kröfu um málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir hæstarétti hefur því ekki verið andmælt, að gaguáfrýjandi hafi brennt á höfði við svonefnda „permanent“ hárlíðun á hárgreiðslustofu aðaláfrýjenda þann 28. marz 1941. Verður að telja óhapp þetta hafa stafað af galla á umbúnaði eða skorti í nægilegri aðgæzlu að öðru leyti af hálfu starfsfólks aðaláfrýjenda. Hins vegar virðist gagnáfrýjandi hvorki hafa kvartað nægilega skýrt um óþægindi sín, meðan hárlíðunin stóð yfir, né lagt næga rækt við lækningu brunans, án þess að þessi atriði þyki þó eiga að svipta hana öllum rétti til bóta fyrir sársauka og lýti, er af brunanum hafa hlotizt. Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið sagt, þykir mega ákveða bætur þær, er aðaláfrýjendur, sem virðast vera fullábyrgir eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood“, eiga að greiða gagnáfrýjanda in solidum, kr. 700.00 með vöxtum, eins og krafizt hefur verið.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiða gagnáfrýjanda in solidum málskostnað fyrir báðum dómum, sem eftir því, sem áður er tekið fram, þykir hæfilega ákveðinn 700 krónur.

Mál þetta var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 28. maí 1942. Þá mætti Guttormur Erlendsson héraðsdómslögmaður f. h. Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns fyrir sóknaraðilja í héraði og lagði fram nokkur skjöl, en greinargerð enga frá sjálfum sér. Fyrir varnaraðilja í héraði mætti þá Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður f. h. Eggerts Claessens hæstaréttarlögmanns og fékk 14 daga frest. Hinn 11. júní 1942 fær umboðsmaður varnaraðilja í héraði framhaldsfrest til 25. s. m. Þenna dag leggur umboðsmaður sama varnaraðilja svo fram greinargerð. Þá fær umboðsmaður sóknaraðilja, Gunnar Jónsson cand. jur. f. h. Sigurðar Ólasonar, frest til 3. sept. 1942, og fyrst þann dag leggur umboðsmaður sama sóknaraðilja fram greinargerð. Þá fær Guttormur Erlendsson f. h. Einars Ásmundssonar frest til 17. s. m. og þá 14 daga framhaldsfrest. 1. október s. á. er því næst veittur viku framhaldsfrestur í málinu til vitnaleiðslu. 8. okt. s. á. fara þeir með málið Einar Ásmundsson og Sigurður Ólason hæstaréttarlögmenn sjálfir, og koma þá fram nokkur gögn í því, og þá er framlögð framhaldsgreinargerð af hálfu varnaraðilja. Umboðsmaður sóknaraðilja fékk svo frest til 22. okt., og er þá enn veittur 14 daga framhaldsfrestur. En 5. nóvember s. á. lýsa aðiljar því loks, að gagnasöfnun væri lokið. Því næst var málið flutt munnlega 30. nóv. og var þá tekið til dóms.

Eins og sjá má, hefur mál þetta sætt meðferð í héraði andstæðri fyrir mælum laga nr. 85/1936. Greinargerðir af hendi umboðsmanna aðilja fara ekki að fyrir mælum 105. og 106. gr. laganna. Sameiginlegur frestur aðiljum, sem þeim ber að hagnýta sér í samvinnu eftir ástæðum, er ekki veittur samkvæmt 110. sbr. 111. gr. s. l., heldur frestur á víxl, eins og tíðkaðist eftir eldri reglum. Ekki sést heldur, að ákveðið hafi verið samkvæmt 109. gr. s. l., hvort málið skyldi flytja munnlega eða skriflega. Raunverulega hefur málið verið flutt bæði skriflega og munnlega og að öðru blandað saman

eldri og nýrri meðferð einkamála í héraði, og verður bæði umboðsmönnum aðilja, hæstaréttarlögmönnunum Sigurði Ólasyni og Einari Ásmundssyni, og héraðsdómara um þessa ólöglegu meðferð kennt. Hefur hæstiréttur margsinnis síðan 12. marz 1941 fundið að meðferð einkamála á bæjarþingi Reykjavíkur og bent á, um hvað áfátt væri, en þær aðfíningar og leiðbeiningar virðast litinn eða engan árangur borið hafa. Verður að vita þessar misfellur alvarlega.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjendur, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood“, greiði gagnáfrýjanda, Jónínu Eggertsdóttur, in solidum kr. 700.00 með 5% ársvöxtum frá 20. maí 1942 til greiðsludags. Svo greiði aðaláfrýjendur gagnáfrýjanda in solidum kr. 700.00 í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. des. 1942.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. f. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefni 20. maí s. l., af Jónínu Eggertsdóttur, Síðumúla í Borgarfirði, gegn eigendum hárgreiðslustofunnar „Hollywood“ hér í bæ, þeim Kristínu Guðmundsdóttur og Sólveigu Sandholt, til greiðslu skaðabóta, að upphæð kr. 1000.00, eða aðra lægri upphæð eftir mati réttarins, ásamt 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndu krefjast sýknu og málskostnaðar eftir mati réttarins.

Eftir því sem stefnandi skýrir frá, eru málavextir þeir, að hinn 28. marz f. á. kom hún á hárgreiðslustofuna „Hollywood“ hér í bæ og fékk þar svonefnda „permanent“-hárlíðun. Þegar hún hafi verið búin að sitja nokkra stund með spólurnar í hárinu, hafi hárgreiðslustúlkan, sem afgreiddi stefnanda, kælt hárið, en síðan vikið sér frá dálitla stund. Hafi hitinn þá orðið svo mikill, að henni hafi legið við yfirliði, og hafi hún kvartað yfir þessu. Hafi þá verið kælt á ný, en er búin hafi verið að losa „spólurnar“ úr hárinu, hafi forstöðukonan reynt að hressa hana með kaffi. Tveim dögum síðar kveðst stefnandi hafa komið aftur til að láta laga á sér

hárið, og hafi þá komið í ljós, að hún hafi brennt töluvert ofan á höfðinu, á að gizka undan einni „spólu“. Samkvæmt lækni skoðun þann 2. júní f. á. hafði stefnandi þá um fingurgómsstórt sár í hársverðinum skammt fyrir framan hvirfilinn með mikilli ofhyldgun. Kringum sárið var þá hárlaus blettur á stærð við tveggja krónu pening. Samkvæmt læknisvottorði, dags. 12. okt. f. á., var sárið þá gróið, en hins vegar var þar hárlaus blettur á stærð við krónupening. Hinn 22. sept. þ. á. var hárlausi bletturinn um $1\frac{1}{2} \times 2$ cm að stærð, og tekur læknir sá, sem stundað hefur stefnanda, það fram, að hann telji ekki, að skalli þessi sé því að kenna, að eigi hafi verið leitað læknis fyrr en nokkrum vikum eftir brunann, enda hafi og verið notuð græðandi smyrzl við sárið frá upphafi.

Telur stefnandi, að stefndu sem eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood“ eigi að bera ábyrgð á verki því, sem þar sé unnið, og beri þeim því að bæta sér það tjón, er hún hafi orðið fyrir og að framan er lýst.

Sýknukröfu sína byggja stefndu í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að nefndur áverki á höfði stefnanda stafi af fyrrgreindri hárlíðun. Það þykir þó eftir atvikum nægjanlega sannað, að svo hafi verið, enda virðist mega ráða það af vottorði Andrésar Ejólfssonar, að stefndu hafi ekki við hina fyrstu kröfugerð neitað hárgreiðslunni á þeim grundvelli, heldur af því, að þá væri óséð, hver lýti yrðu af áverkanum.

Þá hafa stefndu og talið, að stefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum rétti í þessu efni með því að höfða ekki málið fyrr en raun varð á. Ekki þykir þó verða fallizt á þessa varnarástæðu, og verður hún því ekki tekin til greina.

Þá hafa stefndu og byggt sýknukröfu sína á því, að allrar tilhlýðilegrar varúðar hafi verið gætt við nefnda hárlíðun, sem framkvæmd hafi verið með hinum fullkomnustu tækjum. Stúlka sú, sem afgreitt hafi stefnanda, hafi eigi brugðið sér frá nema örstutta stund (rúmlega mínútu), og beggja megin við stefnanda hafi verið hárgreiðslutúlkur við störf, en stefnandi hafi getað kvartað við þær á meðan, ef tilefni hefði verið til. Hver sá, sem láti liða hár sitt á þenna hátt, geri það á eigin ábyrgð, að svo miklu leyti sem hætta sé á bruna, enda verði hver og einn að segja til, ef honum finnst hitinn of mikill, en engan annan mælikvarða sé unnt að hafa á því, hvort hætta sé á bruna.

Það þykir verða að lita svo á, að þá sé fyrst forsvaranlega að farið við starf sem þetta, þegar brýnt er fyrir viðskiptamanni að segja strax til og hann finnur til einhverra óþæginda við aðgerðina, og hárgreiðslutúlka sé þá þegar til taks til að gera tilhlýðilegar ráðstafanir til varnar tjóni, enda skýrði umboðsmaður stefnanda og svo frá við hinn munnlega málflutning og hafði það eftir formanni félags hárgreiðslukvænna hér, að slíkur brunni, sem hér

um ræðir, eigi ekki að þurfa að koma fyrir við þessa hárlíðun, ef viðskiptavinurinn sé aðvaraður og ávallt fylgzt vel með aðgerðinni. Með því að sönnur brestur á, að svo hafi verið gert hér, þykir verða að telja stefndu bótaskyldar gagnvart stefnanda út af áðurnefndu tjóni hennar, en umræddur hárlaus blettur virðist munu haldast óbreyttur frá því sem nú er.

Stefndu hafa hreyft því, að stefnandi kunni að eiga sök á því, hvornig komið sé, þar sem hún hafi látið langan tíma líða, þar til hún leitaði læknis út af áverkanum. Með tilliti til fyrrnefndrar álitsgerðar Magnúsar Ágústssonar héraðslæknis verður þetta þó ekki talið hafa við nein rök að styðjast, og stefnandi hafi því ekki fyrirgert neinum rétti af þeim sökum.

Stefnandi kveðst hafa greitt um 100 kr. í lækniskostnað vegna áverka þessa. Hún hafi haft sársauka og óþægindi hans vegna við störf sín og greinileg lýti séu að honum. Af framburði Andrésar Eyjólfsssonar virðist mega ráða, að bletturinn sjáist ekki, þegar greitt sé yfir hann, en aftur á móti, ef hár stúlkunnar fýkur til. Stefnandi er 25 ára að aldri og ólofuð.

Að framangreindu athuguðu þykja bæturnar til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 450.00, sem stefndu verður gert að greiða með vöxtum, eins og krafizt hefur verið, svo og málskostnað. Þess hefur ekki verið krafizt, að stefndu greiddu málskostnað in solidum, og ber því skv. 3. mgr. 181. gr. einkamálalaganna að dæma hvora hinna stefndu til að greiða stefnanda kr. 75.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

Stefndu, Kristín Guðmundsdóttir og Sólveig Sandholt, eigendur hárgreiðslustofunnar „Hollywood“, greiði stefnanda, Jóninu Eggertsdóttur, kr. 450.00 með 5% ársvöxtum frá 20. maí 1942 til greiðsludags, og greiði hvor þeirra henni kr. 75.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.